



Innviðaráðuneyti
Eyjólfur Ármannsson, innviðaráðherra
Sölvhólsögötu 7
101 Reykjavík

17. nóvember 2025

Efni: Beiðni um stuðning og aðkomu að vaxtarplani fyrir Norðausturhornið.

Meðfylgjandi er tillaga að verkefni undir yfirskriftinni *Vaxtarplan fyrir Norðausturhornið – Innviðir og aukin verðmætasköpun*. Með verkefninu er lagt til að stutt verði sérstaklega við efnahagslega uppbyggingu Norðausturhornsins með því að skilgreina tækifæri og framtíðarsýn hvað varðar uppbyggingu innviða og atvinnusköpun og skýra hvernig sveitarfélögin (Norðurþing, Langesbyggð, Vopnafjarðarhreppur), íbúar og fjárfestar geti nýtt sér þau.

Verkefnið er framhald af verkefni sem innviðaráðuneytið hefur stutt við síðustu tvö ár, en í ljósi aukinnar þarfar til eflingar áfallapols og ákvörðunar umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra nýverið um eflingu flutningskerfis raforku á svæðinu er ákaflega mikilvægt að þeirri vinnu verði haldið áfram og nú á stærra svæði en áður. Þá er þess vænst að verkefnið geti stutt afar vel við nýjan verkefnastjóra uppbyggingar á Bakka, auk þess að styðja við þau markmið sem birtast í drögum að Atvinnustefnu Íslands – vaxtarplan til 2035.

Til að tryggja slagkraft, árangur og eftirfylgni þá er mikilvægt að verkefnið sé unnið með stuðningi frá fagráðuneytum, einkum á sviði innviða, byggðamála, ferðamála og orkumála. Einnig er mikilvægt að þau ráðuneyti eigi með einhverjum hætti aðkomu að verkefninu, t.a.m. með tilnefningu fastra tengiliða. Aðgerðir þurfa að vera samræmdar og virkt samtal þarf að eiga sér stað milli allra þeirra aðila sem að áttakinu koma.

Tillagan er unnin í samstarfi við sveitarfélögin og núgildandi stefnur stjórnvalda hafðar til hliðsjónar, en gert er ráð fyrir að hún geti tekið breytingum með aðkomu ráðuneyta.

Þá áætla Samtök sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra (SSNE), í samvinnu við Austurbrú, að senda inn umsókn fyrir sveitarfélögin Norðurþing, Langesbyggð, og Vopnafjarðarhrepp um framlag til sértækra verkefna sóknaráætlanasvæða.

Styrkir vegna Aðgerðar C.01. Sértæk verkefni sóknaráætlanasvæða eru veittir á grundvelli stefnumótandi byggðaaætlunar fyrir árin 2022-2036. Undir aðgerðina falla verkefni sem

talin eru hafa varanleg áhrif, eru atvinnuskapandi og hvetja til nýsköpunar. Sérstök áhersla er lögð á svæði sem búa við langvarandi fólksfækkun, atvinnuleysi og einhæft atvinnulíf.


Kostnaður verkefnisins er áætlaður 22 m.kr. á ári, þar af er áætlað að framlag sveitarfélagana verði 20-30% af heildarkostnaði. Sótt verður um verkefnisstyrk til tveggja ára. Um er að ræða samkeppnissjóð með takmarkaða fjármuni og því ekki á vísan að róa.

Innviðir og nýfjárfestingar verða í brennidepli en meginmarkmið verkefnisins er að efla byggðapróun á norðausturhorni landsins, enda er það mat bæði sveitarfélaganna og landshlutasamtakanna að þörfin sé brýn. Árangur felst einnig í stórauðnu samstarfi sveitarfélaganna þriggja, með áherslu á innviði, byggðafestu og atvinnuuppbyggingu.

Verkefnið er bæði áriðandi og vel tímasett, og fylgir eftir tímamótasamkomulagi sem umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra skrifaði undir á dögunum. Samkomulagið felur í sér að Rarik mun styrkja afhendingu raforku á Þórshöfn með lagningu 33 kV jarðstrengs milli Vopnafjarðar og Þórshafnar. Landsnet mun á sama tíma hraða uppbyggingu nýs tengivirkis á Bakka, og undirbúa 132 kV loftlínu milli Kópaskers og Þórshafnar.

Með þessum aðgerðum er opnað á ómæld ný tækifæri til fjárfestinga og uppbyggingar í landshlutanum. Áframhaldandi þróun atvinnutækifæra gerist þó ekki af sjálfu sér og verkefnin sem bíða komandi sveitarstjórnnum frömpung ef svo má segja.

Með von um góðar viðtökur,


Albertína Friðbjörg Elíasdóttir,
framkvæmdastjóri SSNE.

SSNE og Austurbrú koma til með að halda utan um verkefnið og ráða til þess verkefnisstjóra, í samráði við sveitarfélögin. Verkefnið er unnið í teymisvinnu. Aðrir starfsmenn landshlutasamtakanna kallaðir til eftir þörfum og verkefnið unnið í nánú samstarfi þeirra og sveitarfélaganna, þ.m.t. samstarf og samráð við kjörna fulltrúa, fagnefndir, og starfsmenn sveitarfélaganna. Að auki verður haft samráð við helstu hagaðila, t.a.m. innan stjórnarráðsins og óskað eftir álitsgjöf ýmissa stöðstofnana.

2. Áskoranir og tækifæri

Norðausturhornið glímir í dag við áskoranir sem fáir landshlutar, ef einhverjir, standa frammi fyrir í sama mæli. Svæðið er afskekkt þegar kemur að opinberri þjónustu og er langt frá stærri þjónustukjörnum. Það hefur verið eftirbátur þegar kemur að uppbyggingu ýmissa innviða og lengi glímt við fólksfækkun, í sumum tilvikum mjög skarpa fólksfækkun. Hingað til hefur ekki verið sami vöxtur í nýjum atvinnugreinum eins og víðast hvar annars staðar, s.s. í ferðaþjónustu eða iðnaði. Aðeins á einum stað á landinu er flutningi raforku jafn ábótavant, en það er sunnan Mýrdalsjökuls.

Heilt yfir má segja að samfélögin á Norðausturhorninu standi frammi fyrir mjög sambærilegum áskorunum og í öllum tilvikum brýnt að snúa við neikvæðri íbúapróun og ná fram meiri fjölbreytni í atvinnulífi. Þessar áskoranir eru ekki þær sömu og annars staðar, og því mikilvægt að leita sértækra lausna fyrir svæðið. Það er í alla staði ósennilegt að byggðapróun á Norðausturhorninu taki miklum breytingum nema með öflugri uppbyggingu og nýrri atvinnustarfsemi á svæðinu.

Sé horft til helstu tækifæra, þá eru undirstöður þeirra og forsendur sömuleiðis mjög sambærilegar. Landrýmið er nægt, ýmsir orkukostir ónýttir til þessa, hafnarskilyrði víða góð og landlega spennandi í alþjóðlegu samhengi. Áhugi á svæðinu fer vaxandi og það hefur alla burði til þess að draga að sér erlendar stórfjárfestingar. Átak í innviðum er hins vegar nauðsynlegt, svo hægt sé að nýta þessi tækifæri.

3. Stuðningur við stefnur stjórnvalda

Atvinnustefna. Stjórnvöld hafa birt áform um nýja atvinnustefnu, til að fjölga vel launuðum störfum um allt land og styðja við sjálfbæran hagvöxt. Í áformaskjali um fyrirhugaða stefnu segir að til að treysta byggð og leysa úr læðingi krafta hvers landshluta muni ríkisstjórnin vinna skipulega að þróun nýrra kjölfestuverkefna á landsbyggðinni. Þar segir jafnframt að aðgengi að hagkvæmri og endurnýjanlegri orku verði aukið til að styðja við hagvöxt og orkuskipti. Nær öll áhersluatriði þessa verkefnis eru til þess fallin að styðja við vinnu ríkisstjórnarinnar, til samræmis við markmið nýrrar atvinnustefnu. Til að stefnan skili tilætluðum árangri þá er hins vegar ljóst að ólík svæði þurfa að vera í stakk búin til að vinna með stjórnvöldum. Þessu verkefni er ætlað að styrkja tiltölulega fámennt svæði og gera því kleift að vinna með stjórnvöldum eins og þörf er á.

Atvinnumál á Húsavík og nágrenni - Tillögur starfshóps: Tillögur starfshópsins horfa ekki aðeins til atvinnuuppbyggingar í næsta nágrenni við Húsavík, heldur einnig til víðara samhengis þar sem bæði orkuöflun og efling samgangna og alþjóðatenginga kemur til

með að gagnast stærra svæði. Þannig er mikill samhljómur milli þessa verkefnis sem hér er kynnt og tillagna starfshópsins, þar sem hvort styður við annað. Fimmta tillagan er einkar áhugaverð, en með henni leggur starfshópurinn til að uppbygging verkefna sem varða öryggi og varnir sem og áfallapol samfélagsins á Norðausturlandi verði könnuð sérstaklega. Þetta verkefni sem hér er lagt upp gæti veitt dýrmætan stuðning við slíka vinnu.

Byggðaaætlun. Verkefnið styður við markmið byggðaaætlunar, einkum þegar kemur að því að jafna tækifæri til atvinnu. Þá kemur fram í byggðaaætlun að sérstaka áherslu eigi að leggja á svæði sem búa við langvarandi fólksfækkun, atvinnuleysi og einhæft atvinnulíf. Sérstakar aðgerðir, miðað við núverandi áætlun, sem verkefnið getur stutt við eru eftirfarandi:

- A.8. Stjórnsýslustöðvar ríkis í héraði
- B.2. Orkuskipti og betri orkunýting.
- B.3. Efling nýsköpunar í byggðum landsins.
- C.9. Náttúruvernd til eflingar byggðapróun.
- C.17. Grænir iðngarðar.

Aðgerðaaætlun í loftslagsmálum / Sjálfbær orkuframtíð / Aðgerðaráætlun um orkuskipti. Verkefnið styður með ýmsum hætti við stefnur á sviði orku- og loftslagsmála. Meðal fjárfestingatækifæra sem horft er til á þessu svæði eru verkefni á sviði vindorku og rafeldsneytisframleiðslu, og önnur afleidd verkefni sem stuðla að orkunýtni og hringrás, s.s. landeldi. Eitt af markmiðum orkustefnu Íslands til 2050 er að unnið verði að orkuskiptum þannig að Ísland verði óháð jarðefnaeldsneyti á lofti, láði og legi. Innlend framleiðsla á vistvænu eldsneyti til orkuskipta í sjávarútvegi og sjóflutningum, auk annarra greina sem munu reiða sig á rafeldsneyti til orkuskipta, styður mjög við aðgerðaaætlun stjórnvalda í loftslagsmálum. Þá horfir verkefnið einnig til þess hvað sveitarfélög og nærsamfélög geta gert til að stuðla að orkuskiptum og orkusparnaði, og hvaða orkuinnviði þarf að styrkja til að raungera áætlanir stjórnvalda.

Ferðamálastefna til 2030. Leiðarstef í ferðamálastefnunni er áherslan á mikilvægi þess að ferðaþjónusta og uppbygging í hennar nafni hafi jákvæð áhrif á nærsamfélög sín og stuðli að bættum lífsgæðum um land allt. Þannig efli atvinnugreinin lífvænleg og sjálfbær samfélög. Verkefninu er ætlað að styðja við vinnu sveitarfélaganna og markaðsstofanna, við að efla áfangastaði á svæðinu og styrkja þannig kaldari ferðaþjónustusvæði.

4. Um svæðið

Norðausturhornið er vel skilgreind landfræðileg heild með mikla sérstöðu, enda norðlægasta svæði landsins – en frá nyrstu nesjum að heimskautsbaug eru aðeins þrír kílómetrar. Þrátt fyrir að ýmis huglæg landamæri stjórnsýslunnar hafi í gegnum aldirnar skipt svæðinu upp, og geri enn, þá hefur alla tíð verið mikill samgangur milli byggðarlaga og mýmörg dæmi um samvinnu þvert á hreppamörk þegar á hefur reynt.

Stjórnsýslulega þá liggur svæðið á mörkum tveggja landshluta og skiptist á milli þriggja sveitarfélaga. Norðurþing og Langesbyggð eru aðilar að landshlutasamtökum

Norðurlands Eystra (SSNE), meðan Vopnafjarðarhreppur tilheyrir starfssvæði landshlutasamtaka sveitarfélaga á Austurlandi (SSA).

Á Norðausturhorninu eru fimm þéttbýlisstaðir, en þar af hafa þrír tekið þátt í byggðapróunarverkefninu *Brothættar byggðir*. Þegar horft er til byggðafestu þá á svæðið mikið undir sjávarútvegi, og eru uppsjávarveiðar sérstaklega fyrirferðarmiklar í atvinnulífinu á Þórshöfn og á Vopnafirði - þ.e. þau ár þegar ekki er brestur í veiðum á uppsjávartegundum. Mikil hefð er einnig fyrir smáútgerð, sem hefur þróast sem sjálfstæð atvinnugrein á undanförunum árum. Markverður uppgangur hefur orðið í Öxarfirði í kringum fiskeldi og aukin ferðaþjónusta getur skapað umtalsverð vaxtartækifæri og styrkt þjónustu við íbúa. Þá er landbúnaður, einkum sauðfjárbúskapur, áfram undirstöðuatvinnugrein á þessu svæði og styður vel við aðrar atvinnugreinar eins og t.d. ferðaþjónustu.